

# Íslenska stærðfræðafélagið

Aðalfundur 31. janúar 2013

Skýrsla stjórnar fyrir 2012

## Aðalfundur og stjórn

Síðasti aðalfundur var haldinn 23. janúar 2012. Viðar Hrafnkellson gekk úr stjórn félagsins en í hans stað var Reynir Axelsson kosinn.

Í stjórn félagsins árið 2012 voru Henning Úlfarsson, formaður, Anna Ingólfssdóttir, Jóhann Sigurðsson, Úlfar Freyr Stefánsson og Reynir Axelsson.

Ákveðið var að félagsgjöld árið 2012 skyldu vera óbreytt 3000 kr en 1500 kr fyrir eldri borgara. Ólafur Ísleifsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga og Kristín Halla Jónsdóttir til vara.

Á fundinum fengu 12 nýir félagar aðild að félaginu og voru 253 skráðir félagar á árinu.

## Fundir

Eftirfarandi fundir voru haldnir á tímabilinu auk aðalfundar.

**27.12. 2012.** Jólafundur 2012. Eggert Briem, frá Háskóla Íslands, flutti erindi með titlinum *Þrjú atriði um stærðfræðikennslu frá grunnskóla til háskóla.*

**3.12. 2012.** Í samstarfi við málstofufyrirlestraröð Háskóla Íslands í stærðfræði flutti George Shabat, frá Moscow State University og Independent University of Moscow, erindið: *Dessins d'enfants and algebraic curves.*

**30.11. 2012.** Í samstarfi við ICE-TCS<sup>1</sup> flutti Páll Melsted, frá Háskóla Íslands, erindið: *The greatest theorem you'll never use!*

**1.11. 2012.** Steffen Marcus, frá University of Utah, flutti erindið *Hurwitz numbers and moduli spaces in algebraic geometry.*

**29.3. 2012.** Rumén Uluchev, frá University of Transport, Sofia, Bulgaria, flutti erindið: *Interpolation and fitting in the unit disk based on Radon projections and function values.*

**29.3. 2012.** Í samstarfi við ICE-TCS flutti Magnús Már Halldórsson, frá Háskólanum í Reykjavík, erindið *The million dollar question: P vs. NP, and the legacy of Turing.*

**8.3. 2012.** Í samstarfi við ICE-TCS flutti Bjarni Halldórsson, frá Háskólanum í Reykjavík, erindið *Alan Turing's work on mathematical biology.*

**8.3. 2012.** Í samstarfi við ICE-TCS flutti Bjarni Halldórsson, frá Háskólanum í Reykjavík, erindið *Alan Turing's work on mathematical biology.*

**23.2. 2012.** Páll Melsted, frá Háskóla Íslands, flutti erindið *Slembin net, martingalar og diffurjöfnur.*

**17.2. 2012.** Í samstarfi við ICE-TCS flutti Ýmir Vigfússon, frá Háskólanum í Reykjavík, erindi um vinnu Alan Turing við að brjóta dulmál Þjóðverja í seinni heimsstyrjöldinni.

**12.1. 2012.** Í samstarfi við ICE-TCS flutti Luca Aceto, frá Háskólanum í Reykjavík, erindið *Alan Turing's work on computability and the universal computer.*

## Bókaverðlaun á stúdentsprófi

Sem fyrr hefur félagið veitt verðlaun fyrir ágætan árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Samtals voru það 36 nýstúdentar sem félagið verðlaunaði. Vorið 2012 var verðlaunabókin „Síðasta setning Fermats“ eftir Simon Singh og hana hlutu:

<sup>1</sup>Öndvegissetur í fræðilegri tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík

Sæþór Pétur Kjartansson, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ  
 Andrea Björg Jónsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja  
 Arnar Bender, Flensborgarskóla  
 Guðrún Þóra Sigurðardóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík  
 Júlía Rós Hafþórsdóttir, Kvennaskólanum í Reykjavík  
 Þór Tómasarson, Kvennaskólanum í Reykjavík  
 Alexander Gabríel Guðfinnsson, Menntaskóla Borgarfjarðar  
 Linda Björk Valbjörnsdóttir, Menntaskólanum í Kópavogi  
 Heiðar Snær Jónasson, Verzlunarskólanum  
 Hildur Kristín Þorvarðardóttir, Verzlunarskólanum  
 Kristófer Þór Magnússon, Verzlunarskólanum  
 Árni Ingimarsson, Verkmenntaskólanum á Akureyri  
 Dagur Ingi Ólafsson, Menntaskólanum við Sund  
 Guðmundur Ágúst Kristjánsson, Menntaskólanum við Sund  
 Atli Þór Sveinbjarnarson, Menntaskólanum í Reykjavík  
 Hólmfríður Hannesdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík  
 Valgerður Bjarnadóttir, Menntaskólanum í Reykjavík  
 Halldór Bjarni Þórhallsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð  
 Sigurður Hermannsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð  
 Stefán Carl Gunnarsson, Menntaskólanum við Hamrahlíð  
 Agnes Eva Þórarinsdóttir, Menntaskólanum á Akureyri  
 Hallfríður Kristinsdóttir, Menntaskólanum á Akureyri  
 Sunna Karen Einarsdóttir, Menntaskólanum á Ísafirði  
 Egill Eiríksson, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu  
 Sigurður Ragnarsson, Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu

Við útskrift jólin 2012 var sama bók gefin og hana hlutu:

Steinar Þór Árnason, Menntaskólanum í Kópavogi  
 Sunna Harðardóttir, Menntaskólanum í Kópavogi  
 Krístrún Skúladóttir, Fjölbrautaskóla Vesturlands  
 Aðalheiður Gunnarsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja  
 Birna Helga Jóhannesdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja  
 Soffía Klemenzdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja  
 Geirþrúður Anna Guðmundsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð  
 Sigríður Ólöf Valdimarsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð  
 Stefanía Bergljót Stefánsdóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð  
 Mathieu Grettir Skúlason, Tækniskólanum

## Fjármál

Með þessari skýrslu fylgir rekstrarreikningur félagsins frá 1.1.2012 til 31.12.2012 og eru nú 518 þkr í sjóði. Hagnaður var af rekstri félagsins sem nemur 380 þkr. Þó ber að geta þess að félagið væntir þess að fá 600 þkr styrk frá Menntamálaráðuneytinu vegna alþjóðasamstarfs á árinu 2012. Sé tekið tillit til þessa var afkoma félagsins jákvæð um 980 þkr á árinu.

Gjöld félagsins á árinu 2012 voru 890 þkr og vega þar þyngst framlag félagsins til Mittag–Leffler stofnunarinnar og árgjöldin til IMU og EMS eða samtals 737 þkr. Innheimt félagsgjöld voru hinsvegar 524 þkr.

## Félagatal og umsóknir um aðild að félaginu

Í félaginu eru nú 250 félagar.

Frá síðasta aðalfundi hafa 9 sótt um aðild að félaginu og mælir stjórn með því að aðalfundur samþykki inngöngu þeirra í félagið:

Daníel Viðarsson, BS í efnafræði frá HÍ 1976  
 Harpa Guðjónsdóttir, BS í stærðfræði frá HR 2012  
 Ingólfur Eðvarðsson, BS í stærðfræði frá HR 2013  
 Stella Guðjónsdóttir, BS í stærðfræði frá HR 2012  
 Máni Maríus Viðarsson, BS í stærðfræði frá HÍ 2011  
 Guðmundur Einarsson, BS í stærðfræði frá HÍ 2012  
 Ólafur Birgir Davíðsson, BS í stærðfræði frá HÍ 2012  
 Valentina Giangrecco Marotta Puletti  
 Hjörtur Björnsson, BS í stærðfræði frá HÍ 2012

## Vefur félagsins og félagsmiðlar

Á vef félagsins [www.stæ.is](http://www.stæ.is) má finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, eins og fundi félagsins, ráðstefnur sem hafa verið haldnar, útgáfu á vegum félagsins eins og eldri fréttabréf, félagatalið, stærðfræðikeppnirnar og vefútgáfu orðaskrárinnar.

Félagið heldur einnig úti póstlista (*Póstlisti Íslenska stærðfræðafélagsins* á [groups.google.com](https://groups.google.com)), síðu á Fésbók ([facebook.com/slenskaStaedfraedafelagid](https://facebook.com/slenskaStaedfraedafelagid)) og síðu á Twitter (<https://twitter.com/isstaef>). Á þessum miðlum eru fundir og aðrir viðburðir auglýstir.

## Alþjóðasamskipti

Félagið er aðili að Evrópska stærðfræðifélaginu og Alþjóðasambandi stærðfræðinga (International Mathematical Union), og greiðir gjöld til þeirra. Ragnar Sigurðsson er fulltrúi félagsins í stjórn Mittag-Leffler stofnunarinnar, sem félagið styrkir með árlegu fjárframlagi, Anders Claesson er fulltrúi félagsins í ritstjórn Nordisk matematisk tidskrift og Robert Magnus situr í ritstjórn Mathematica Scandinavica sem fulltrúi Íslands. Kristín Bjarnadóttir er fulltrúi félagsins í ICMI, International Commission on Mathematical Instruction. Ragnar Sigurðsson hefur einnig setið í Normat, sem er stærðfræðitímarit sem norðurlandþjóðirnar standa að. Hann lætur að störfum og við auglýsum hér með eftir nýjum fulltrúa frá Íslandi.

## Stærðfræðikeppnir

Félagið stendur árlega að Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema ásamt Félagi raungreinakennara í framhaldsskólum og var engin undantekning á því. Framkvæmdanefnd keppinnar skípa nú þau Auðun Sæmundsson, Bjarnheiður Kristisdóttir, Bjarni Halldórsson, Friðrik Diego, Guðbjörn Freyr Jónsson, Gunnar Freyr Stefánsson, Jóhanna Eggertsdóttir og Marteinn Þór Harðarson.

Úrslitakeppnin fyrir veturinn 2011-2012 var haldin 3. mars og tóku 25 nemendur frá 5 skólum þátt í henni. Í efsta sæti var Sigurður Jens Albertsson, í öðru sæti Stefán Alexis Sigurðsson og í þriðja sæti Hólmfríður Hannesdóttir, öll úr Menntaskólanum í Reykjavík.

Þeim 15 efstu í keppninni var boðið að taka þátt í norrænu stærðfræðikeppninni þann 27. mars. Efst íslensku keppendanna voru Benedikt Blöndal, Hólmfríður Hannesdóttir og Ásgeir Valfells öll með 10 stig sem dugði í 9.-15. sæti.

Ólympíuleikarnir í stærðfræði voru haldnir 4. til 16. júlí í Mar del Plata í Argentínu. Í lið Íslands voru valdir Arnór Valdimarsson, Ásgeir Valfells, Benedikt Blöndal, Hjörvar Logi Ingvarsson, Sigurður Jens Albertsson og Sigurður Kári Árnason. Dómnefndarfulltrúi var Marteinn Þór Harðarson og fararstjóri var Jóhanna Eggertsdóttir.

Forkeppnin fyrir veturinn 2012-2013 var haldin í skólunum 9. október og tóku þátt 407 nemendur úr 20 skólum (227 á neðra stigi og 180 á efra stigi). Efstir á efra stigi urðu 1. Sigurður Kári Árnason (MR), 2.-3. Benedikt Blöndal (MR) og 2.-3. Sigurður Jens Albertsson (MR). Efstir á neðra stigi urðu 1. Arnar Bjarni Arnarson (Tækniskólanum), 2. Jóhann Ólafur Sveinbjarnarson (MA) 3.-4. Garðar Andri Sigurðsson (MR) og 3.-4. Gylfi Tryggvason (Versló).

Lið Íslands í Eystrasaltskeppninni í Tartu 8.-12. nóvember skipuðu Benedikt Blöndal, Kristján Andri Gunnarsson, Sigurður Jens Albertsson, Sigurður Kári Árnason og Stefanía Bergljót Stefánsdóttir. Liðstjórar voru Marteinn Þór Harðarson og Stefán Freyr Guðmundsson.

## Tímarit og fréttabréf

Ekkert tölublað RAUST, Tímarits um raunvísindi og stærðfræði hefur komið út árið 2012. Fulltrúi félagsins í ritsjórn bladsins er Stefán Ingi Valdimarsson.

Fyrir hönd stjórnar,

Henning Úlfarsson  
formaður